



BYGGÐASTOFNUN

Aflamark Byggðastofnun

Greinargerð um framkvæmd samninga
fiskveiðiárið 2024/2025



Almennt

Aflamark Byggðastofnunar byggir á 10. gr. í lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 með síðari breytingum. Á fiskveiðiárinu 2024/2025 voru 24 samningar í gildi á 13 stöðum um nýtingu á allt að 5.000 þorskígildistonnunum. Í töflunni hér að neðan sést hvernig þessir samningar skiptast á milli byggðarlaga og hver úthlutun ársins var skv. reglugerð en hún fól í sér 11,6% skerðingu á fullri úthlutun skv. samningunum.

	Samningar	Úthlutun
Byggðarlag	"allt að"	24/25
Tálknafjörður/Patreksfjörður	400	354
Þingeyri	500	442
Flateyri	400	354
Suðureyri	500	442
Dranganes	300	265
Hólmavík	500	442
Hrísey	350	309
Grímsey *	300	265
Raufarhöfn	500	442
Bakkafjörður	300	265
Borgarfjörður eystri	200	177
Breiðdalsvík	400	354
Djúpivogur	350	309
	5.000	4.420

* Tólf samningar, samtals 300 þorskígildistonn sem byggja á reglugerð 1256/2024. Aðrir samningar byggja á reglugerð nr. 643/2016.

Um var að ræða síðasta samningsár vegna Flateyrar en fyrsta samningsár á öllum öðrum stöðum. Allir samningarnir eru til sex ára nema samningarnir á Djúpavogi og í Grímsey sem eru til þriggja ára. Á fiskveiðiárinu var auglýst vegna aflamarks á Flateyri og gerðir tveir samningar sem tóku gildi 1. september 2025 og gilda til næstu fimm fiskveiðiára. Borgarfjörður eystri er að koma nýr inn en áður höfðu verið í gildi samningar á öllum hinum stöðunum.



Einstakir samningar/byggðarlög

Hér er gerð grein fyrir hverjum samningi fyrir sig og framkvæmd hans á fiskveiðiárinu 2024/2025. Sundurliðun á vinnslu eftir tegundum hjá einstökum samningsaðilum er að finna í viðauka 1 ásamt upplýsingum um aðra vinnslu og úthlutun aflamarks stofnunarinnar á skip. Í viðauka 2 er svo samantektartafla vegna framkvæmdar samninganna.

Sunnanverðir Vestfirðir

Samningur við Odda hf. á Patreksfirði og útgerðir á Tálknafirði var undirritaður í september 2024 og var gerður til sex ára vegna fiskveiðiaranna 2024/2025-2029/2030. Samningurinn er framhald af samstarfi útgerðaraðila á Tálknafirði og Odda hf. sem útgerðar- og vinnsluaðila eftir að fiskvinnsla lagðist niður á Tálknafirði á sínum tíma. Byggist það á því að um er að ræða sameiginlegt vinnusóknarsvæði og hafa samningsaðilar m.a. komið að því að styðja almenningssamgöngur á milli staðanna en nokkur fjöldi fólks sem búsettur er á Tálknafirði vinnur í vinnslunni á Patreksfirði.

Vinnsludagar á fiskveiðiárinu voru 224 og heildarfjöldi ársverka samningsaðila 57 sem skiptust þannig að 39 voru við vinnslu, 15 við veiðar og 3 við stjórnun. Í samningi er gert ráð fyrir 58 störfum þannig að það atriði er uppfyllt.

Samkvæmt skilagögnum samningsaðila var heildarmagn hvítfisks sem unninn var 2.705 tonn auk þess sem unnin voru rúm 813 tonn af laxi. Samkvæmt gögnum Fiskistofu voru unnin 3.005 þorsígildistonn af hvítfiski sem þýðir 3.352 tonn af slægðum fiski. Vinnsluskuldbinding í samningi er 1.299 tonn og því ljóst að það hefur náðst.

Um áhrif samningsins á atvinnustarfsemi samningsaðila og þar með byggðafestu á vinnusóknarsvæðinu segir eftirfarandi í skilagrein samningsaðila: „Samningurinn hefur gert það að verkum að útgerðir sem eruð aðilar að honum hafa geta haldið út útgerð þrátt fyrir stöðugan niðurskurð á aflaheimildum

sérstaklega í þorski. Frá því að samningurinn sem gerður var 2017/2018 þá hefur þorskkvóti skerst um tæp 40% og því eru byggðakvótar enn mikilvægari á þessu svæði sem ekki hefur náð að kaupa auknar aflaheimildir í áratugi. Með samningnum hefur tekist og mótframlagi útgerða náðst stór hluti af hráefnisöflun fyrir einu fiskvinnsluna á svæðinu. Aðrir möguleikar til að auka eða viðhalda hráefni eru afar erfiðir vegna skertrar samkeppnisstöðu íslenskra fiskvinnslu við þær erlendu..“

Um helstu ágalla samningsins segir í skilgrein samningsaðila að þeir séu hversu mikið sé af ufsa í honum þar sem hann veiðist ekki á þau veiðarfæri sem notuð eru af samningsaðilum.

Samfélagsverkefni: „Aðilar samnings eru að styrkja fjölmörg samfélagsverkefni og segja má að engum sé hafnað sem óskar eftir stuðningi. Oddi hefur á síðasta fiskveiðiári styrkt samfélagsverkefni vel á fjórða tug milljóna, þar af stærst stuðning við nýjan björgunarbát fyrir 30 milljónir. Nefna má samstarfssamning við Héraðssamband íþróttamála uppá 1 milljón á ári, kaup á stólum fyrir Byggðasafnið, stólar fyrir aldraða o.s.frv.“

Niðurstaða: Samningsmarkmið náðust á fiskveiðiárinu 2024/2025.

Þingeyri

Samningur á Þingeyri var undirritaður 25. september 2024 til sex ára fyrir fiskveiðiárin 2024/2025 - 2029/2030. Samningur var gerður við Íslenskt sjávarfang ehf., SE ehf., Frosta ehf. og átta minni útgerðir á Þingeyri.

Vinnsludagar á fiskveiðiárinu voru 260 og heildarfjöldi ársverka samningsaðila 37 sem skiptust þannig að rúm 26 voru við vinnslu, 10 við veiðar og eru þar aðeins talin störf hjá útgerðum á Þingeyri, og 1 við stjórnun. Í samningi er gert ráð fyrir um 25 störfum í vinnslunni og því ljóst að það samningsmarkmið hefur náðst.

Samkvæmt skilagöngum samningsaðila var unnið úr 1.826 tonnum auk áframvinnslu á tæpum 87 tonnum. Samkvæmt gögnum Fiskistofu voru unnin 1.796 þorskígildistonn á fiskveiðiárinu, sem þýðir 2.064 tonn af slægðum fiski,

en í samningi er kveðið á um tæplega 1.400 tonna vinnslu og því ljóst að það markmið hefur náðst.

Um áhrif samningsins á atvinnustarfsemi samningsaðila og þar með byggðafestu á vinnusóknarsvæðinu segir eftirfarandi m.a. í skilagrein samningsaðila: „Samningur hefur bæði styrkt útgerð og vinnslu á Þingeyri. Íslenskt sjávarfang hefur rekið frystihúsið á Þingeyri frá því í apríl 2015. Lengst af hefur starfsmannafjöldi verið 25 - 35. Enginn dagur hefur fallið niður vegna hráefnisskorts frá byrjun, ef frá er talið verkfall sjómanna. Horfur til næstu mánaða og missera eru nokkuð góðar, þó getur skerðing á Sértaeka byggðakvótanum haft mjög slæm áhrif.”

Um helstu ágalla samningsins segir í skilagrein samningsaðila: „Helstu ágallar samningsins númer eitt, tvö og þrjú er að hægt sé að skerða sértæka Byggðakvótann einhliða eftir að samningar hafa verið undirritaðir. Íslenskt sjávarfang hefur fjárfest mikið í vinnslunni á Þingeyri í trausti þess að það aflamark sem samið var um haldi. Skerðing á aflamarkinu getur sett þá uppbyggingu í uppnám. Við höfum talað fyrir því að sértæki byggðakvótinn verði aukinn, enda er hann einungis brot af því hráefni sem við vinnum á Þingeyri. Nú erum við hins vegar settir á þá undarlegu stöðu að við megum þakka fyrir að fá aftur það aflamark sem samið var um fyrir rúmu ári síðan.”

Samfélagsverkefni: „Íslenskt sjávarfang hefur styrkt ýmis samfélagsverkefni á svæðinu. Má þar nefna m.a. styrki til eftirtalda aðila: Íþróttafélagið Höfrungur, Þingeyri Björgunarsveitin Dýri, Þingeyri Dýrafjarðardagar, Þingeyri Kvenfélagið Von, Þingeyri Karalakórinn Ernir, Þingeyri, Ísafirði og Bolungarvík Sköpunarsmiðjan, Þingeyri Koltra Handverkshópur, Þingeyri”

Niðurstaða: Samningsmarkmið náðust á fiskveiðiárinu 2024/2025

Flateyri

Samningur á Flateyri var undirritaður 6. mars 2020 fyrir fiskveiðiárin 2019/2020-2024/2025 og því var fiskveiðiárið það síðasta af gildistíma hans. Samið var við Vestfisk Flateyri ehf., Vestfisk ehf., Klofning ehf., Aurora Seafood ehf. (samkomulag varð um að félagið fór út úr samningi) og Fiskvinnsluna

Íslandssögu ehf. Samningurinn var með sérstökum ákvæðum á grundvelli 2. og 7. gr. reglugerðar nr. 643/2016 sem fólu í sér uppbyggingu annarrar starfsemi en hefðbundinnar fiskvinnslu og fór fiskvinnslan skv. samningnum fram á Suðureyri sem er innan sama atvinnusóknarsvæðis. Í stað hefðbundinnar fiskvinnslu skuldbundu samningsaðilar sig til þess að byggja upp vinnslu á Flateyri úr sæbjúgu og roði og hryggjum ásamt lambahornum í gæludýrafóður. Sæbjúgnamarkaðurinn sem að mestu var bundinn við Kína hrundi í Covid en er þó að opnast aftur. Framleiðslan var því aukin í þurrkun á roði og beinum og lambahornum, í gæludýrafóður. Að auki hefur verið aukning í vinnslu á steinbít í verktöku fyrir Íslandssögu en hann er handflakaður hjá Vestfisk Flateyri.

Vinnsludagar á fiskveiðiárinu voru 246 og heildarfjöldi ársverka hjá samningsaðila 14 en í samningi er gert ráð fyrir 14 ársverkum og því ljóst að það samningsmarkmið náðist á fiskveiðiárinu.

Samkvæmt skilagögnum voru á fiskveiðiárinu þurrkuð rúm 246 tonn af roði, 186 tonn af þorskhryggjum og 143 tonn af lambahornum. Þá voru flökuð rúm 370 tonn af steinbít í verktöku fyrir Fiskvinnsluna Íslandssögu á Suðureyri. Í samningi er skilgreint vinnslumagn 400 tonn af sæbjúgu auk annarra afurða án þess að magn þeirra sé skilgreint.



Samkvæmt framskráðu hafa samningsmarkmið um vinnslumagn því náðst þó upphafleg áform um sæbjúgnavinnslu hafi ekki gengið eftir.

Nýir samningar vegna Flateyrar voru undirritaður í júní 2025 vegna fiskveiðiáranna 2025/2026 – 2029/2030. Um er að ræða tvo samninga og skiptist aflamark byggðarlagsins, allt að 400 þorskígildistonn, til helminga milli þeirra. Annars vegar er um að ræða samning við Walvis ehf. og Tjaldtanga ehf. og hins vegar vegar við Vestfisk Flateyri ehf., Fiskvinnsluna Íslandssögu ehf., Klofning ehf., Atlantctic Eagle ehf., Norðurvind ehf., Norðureyri ehf. og Flugöldu

ehf. Síðar taldi samningurinn var gerður á grundvelli 2. og 7. gr. reglugerðar um aflamark Byggðastofnunar sem kveður á um uppbyggingu annarrar vinnslu en hefðbundinnar fiskvinnslu og fiskvinnslu innan sama vinnusóknarsvæðis. Afli samkvæmt honum er unninn hjá Fiskvinnslunni Íslandssögu ehf. á Suðureyri en samningsaðilar skuldbinda sig til þess að fjárfesta í og halda úti annarri vinnslu á Flateyri, líkt og í fyrri samningi.

Um þýðingu samningsins fyrir uppbyggingu og rekstur fyrirtækisins segir í skilagögnum: „*Samningurinn hefur gert Vestfiski Flateyri kleift að reka vinnslu og viðhalda heilsársstörfum á Flateyri og gert það að verkum að fyrirtækið er stærsta fyrirtækið á Flateyri. Á samningstímanum hafa starfað um og yfir 20 manns, og var það mest þegar félagið var sjálft í útgerð en undanfarin ár hafa verið um og yfir 15 manns í heilsársstarfi. Síðastliðið fiskveiðiár voru um 14 manns í vinnu hjá félaginu við vinnslu á aukaafurðum úr fiski, lambahornum og á skrifstofu. Án samningsins hefði ekki verið grundvöllur til að halda úti rekstri félagsins en félagið fær tekjur af úthlutuðu aflamarki sem er nýtt af samstarfsaðilum.*“

Um ágalla í samningnum segir: „*Mikilvægt er að auka það aflamark sem er til úthlutunar en töluverð skerðing hefur verið í úthlutun síðastliðin ár. Samningar líkt og þessir eru grundvallar atriði til að styðja við rekstur og viðhalda störfum og auka byggðafestu í byggðakjarnanum.*“

Um aðkomu að samfélagsverkefnum segir í skilagögnum: „*Ár hvert hefur Vestfiskur Flateyri tekið á móti nemendum í Lýðskólanum á Flateyri í heimsókn og kynnt þeim fyrirtækið og starfsemi þess. Einnig hefur fyrirtækið reynt að styðja við minni hátíðir í samfélaginu eins og Götuveisluna á Flateyri, íþróttafélög á svæðinu og að sjálfsögðu Björgunarsveitina Sæbjörgu. Einnig er fyrirtækið að leigja skrifstofurými í Skúrinni sem er samfélagsskrifstofa á Flateyri þar sem fyrirtæki og stofnanir hafa aðstöðu til að sinna sinni vinnu án staðsetningar. Einnig hefur móðurfélagið Klofningur ehf. styrkt ýmiskonar viðburði í byggðarlaginu.*“

Niðurstaða: Í ljósi aðstæðna og þeirra skýringa sem samningsaðilar hafa lagt fyrir er það niðurstaðan að samningsmarkmið hafi náðst á fiskveiðiárinu 2024/2025.

Suðureyri

Samkomulag við samningsaðila á Suðureyri hefur haldið frá upphafi gerðar samninga um aflamark Byggðastofnunar. Samningur vegna fiskveiðiaranna 2024/2025 – 2029/2030 var undirritaður 21. ágúst 2024 við Fiskvinnsluna Íslandssögu ehf., Norðureyri ehf., Flugöldu ehf., Hraðfrystihúsið-Gunnvöru ehf., Klofning ehf. og Vestfisk ehf.



Vinnsludagar á fiskveiðiarinu voru 230 og heildarfjöldi ársverka samningsaðila 57, 38 við vinnslu, 15 við beitningu og á sjó og 4 við stjórnun. Í samningi er gert ráð fyrir 50,5 störfum og því ljóst að markmið um atvinnusköpun gengu eftir á fiskveiðiarinu.

Samkvæmt skilagögnum var unnið úr 3.400 tonni af fiski. Samkvæmt gögnum Fiskistofu voru unnin 2.636 þorskígildistonn á fiskveiðiarinu sem þýðir 3.214 tonn af slægðum fiski. Vinnsluskuldbinding í samningi er 2.320 tonn og því ljóst að staðið var við hana.

Um áhrif samningsins á starfsemi samningsaðila er í skilagögnum dregin fram jákvæð þróun á rekstrarafkomu og eigin fé félaganna. Síðan segir: „Eftir að samningur um aukna byggðafestu var gerður fyrst við Byggðastofnun hefur útgerð og vinnsla tekið miklum stakkaskiptum, fyrirsjáanleiki er til staðar og hægt er að vera með heilsársstörf við veiðar og vinnslu. Þá hefur samningurinn leitt af sér að hægt hefur verið að fjárfesta í bátum og búnaði sem er forsenda þess að árangur náist. Tekist hefur að viðhalda störfum og auka afköst og nýtingu í vinnslunni. Það er auðvitað þekkt að afleiddum störfum fjölgar ef stöðugleiki er hjá þeim fyrirtækjum sem að eru burðarásar á hverju svæði fyrir sig. .“ Þá kemur fram að bæði vinnslan og útgerðaraðilar hafi fjárfest á árinu.

Helstu ágalla samnings telja samningsaðilar vera, eins og undangengin ár, að magnið mætti vera meira til að bæta samkeppnishæfni félaganna.

Um þátttöku í samfélagsverkefnum segir í skilagögnum samningsaðila: „Í tilefni af 25 ára afmæli Fiskvinnslunnar Íslandssögu hf. voru settar 10 milljónir í samfélagsverkefni á Suðureyri, Félagsheimilið fékk sitt Björgunarsveitin sitt skóli og leikskóli fengu sitt þá voru íþróttafélög og einstaklingar sem náð hafa langt í sinni íþrótt styrktir. Félagið hefur verið með að jafnaði um 5 milljónir á hverju ári í gjafir og styrki til nær samfélagsins..“

Niðurstaða: Samningsmarkmið náðust á fiskveiðiárinu 2024/2025.

Drangsnes

Samkomulag við samningsaðila á Drangsnesi vegna fiskveiðiáranna 2024/2025 – 2029/2030 var undirritað 20. ágúst 2024. Samningurinn var við Fiskvinnsluna Drang ehf. og útgerðir á staðnum og hafa þessir aðilar komið að aflamarki Byggðastofnunar frá upphafi.

Vinnsludagar á fiskveiðiárinu voru 226 og heildarfjöldi ársverka samningsaðila 25, 10 við vinnslu, 5 við beitningu, 8 við veiðar og 2 við stjórnun. Í samningi var gert ráð fyrir 25 störfum og hefur því markmið um atvinnusköpun staðist.



Samkvæmt skilagögnum var tekið á móti 413 tonnum af hráefni til vinnslu en auk þess var unnið úr 47 tonnum af grásleppu og 830 kg af þorski úr gildrum. Samkvæmt gögnum Fiskistofu var unnið úr 359 þorskígildistonnum á fiskveiðiárinu sem þýðir 492 tonn af slægðum fiski. Vinnsluskuldbinding í samningi er 325 tonn og því ljóst að staðið var við hana.

Um áhrif samningsins á atvinnustarfsemi samningsaðila og þar með byggðafestu á vinnusóknarsvæðinu segir eftirfarandi m.a. í skilagrein samningsaðila: „Samningur okkar við Byggðastofnun er alger grundvöllur fyrir því að útgerðarfélagið gerir út 2 báta og er alger grundvöllur fyrir

heilsársstarfsemi bæði Fiskvinnslunnar og Skúla. ST2 héldi einnig ekki út heilsársstörfum fyrir sína sjómenn ef ekki væri fyrir samninginn.“ Að öðru leyti er samningsaðilar ánægðir með samninginn og samskipti við Byggðastofnun.

Um vankanta á samningi segja samningsaðilar: „*Aðilar að samningum hafa ekkert út á hann að setja annað en það að skerðingaákvæðið sviður. Fyrirsjáanleiki er mikilvægur í öllum rekstri og hefur samningurinn aukið fyrirsjáanleika rekstursins mikið.*“

Varðandi aðkomu að samfélagsverkefnum segir m.a. í skilagögnum: „*Stutt nær öll félagasamtök á Drangsnesi með fjárframlögum, vörum og aðföngum og/eða í verki. Til að mynda styrktu félögin Skíðafélag Strandamanna til að kaupa nýjan troðara en félagið heldur uppi öflugu starfi fyrir börn og fullorðna á Ströndum. Félagin styrkja Íþróttafélagið Neista á Drangsnesi með ýmsum hætti og hjálpa hreppnum til við sláttur á sumrin með tækjum og búnaði. Björgunarsveitin og slökkviliðið hafa notið góðs af tækjabúnaði félaganna sem hefur verið ómetanlegt við þeirra störf. Félagin leggja fram mikinn stuðning við bæjarhátíðina í bænum, Bryggjuhátíð, hráefni vinnu og tækjakost. Fiskvinnslan tekur á móti öllum sendingum sem koma í bæinn, þar á meðal vörur fyrir hótelið og verslunarfélag Drangsnes sem fiskvinnslan vinnur náð með hvað varðar móttöku aðfanga.*“

Niðurstaða: Samningsmarkmið náðust á fiskveiðiárinu 2024/2025.

Hólmavík

Samkomulag vegna Hólmavíkur fyrir fiskveiðiárin 2024/2025 – 2029/2030 var undirritað 26. ágúst 2024. Samningsaðilar voru flestar útgerðir á Hólmavík undir forystu Vilja fiskverkunar ehf. og í samstarfi við Von harðfiskverkun ehf. Nokkrar útgerðir strandveiðibáta hafa sagt sig frá samningnum með samkomulagi.



Vinnsludagar á fiskveiðiárinu voru 229 og heildarfjöldi ársverka samstarfsaðila 30, 15 við vinnslu, 6 við beitningu, 5 við veiðar og 4 við stjórnun. Samkvæmt samningi var miðað við 28 störf og hefur því atvinnusköpun gengið eftir.

Samkvæmt skilagögnum voru unnin 695 tonn og auk þess slægð og söltun grásleppuhroga í verktöku úr 73 tonnum af hráefni. Samkvæmt gögnum Fiskistofu voru unnin 705 þorskígildistonn sem þýðir 1.061 tonn af slægðum fiski en samningsmarkmið var 696 tonn og því ljóst að markmið samnings um vinnslumagn hafa náðst. Mikill munur á þorskígildistonnum og slægðum fiski skýrist af því að megin hluti vinnslunnar var í ýsu sem hafði mjög lágan þorskígildisstuðul á fiskveiðiárinu (0,64).

Fram kemur í skilagögnum að samningurinn hafi á sínum tíma leitt til stofnunar Vilja fiskverkunar og skapað ný störf í framhaldi af lokun rækjuvinnslunnar á staðnum.

Fram kemur í skilagrein að „helsti ágalli samnings hefur okkur þótt sá ófyrirsjáanleiki og óvissa sem er um úthlutun. Fyrir nýstofnaða vinnslu sem er í miklum fjárfestingum er mjög slæmt að ekki sé hægt að ganga út frá að það samningsmagn sem tíundað er í samningi standist, heldur dragist saman ár frá ári. Breyting þyrfti að vera á þann hátt að samningsmagn á fyrstu 6 árum sé fast og skerðist ekki. Það væri til þess fallið að byggja styrkari stoðir undir framtíðarrekstur og þannig tryggja betur sköpun starfa til lengri tíma litið.“

Samfélagsverkefni: „Mikil fjárfesting og áhersla á uppbyggingu vinnslu hefur verið þetta fyrsta starfsár og aðkoma að samfélagsverkefnum er því ekki orðin að því umfangi eða með því sniði sem við sjáum fyrir okkur þegar frá líður. En styrkir til ýmissa viðburða, félagasamtaka og íþróttafélaga nam 1.215.000 kr.“

Niðurstaða: Samningsmarkmið náðust á fiskveiðiárinu 2024/2025.

Hrísey

Samkomulag vegna Hríseyjar vegna fiskveiðiáranna 2024/2025 – 2029/2030 var gert við Hrísey Seafood ehf. og undirritað 12. september 2024.

Vinnsludagar á fiskveiðiárinu voru 216 og heildarfjöldi ársverka 14, 6 við vinnslu, 2 við beitingu, 4 við veiðar og 2 við stjórnun. Í samningi er gert ráð fyrir 14 störfum og því ljóst að það markmið náðist.



Samkvæmt skilagögnum var unnið úr 744 tonnum af hráefni í vinnslunni. Samkvæmt gögnum Fiskistofu voru unnin 707 þorskígildistonn á fiskveiðiárinu eða 775 tonn af slægðum fiski. Vinnsluskuldbinding í þorskígildum er 928 tonn og því ljóst að það náðist ekki. Vöntun í vinnslumagni skýrist samkvæmt upplýsingum frá samningsaðila af stórfelldri bilun í öðrum bát félagsins, Straumey EA 50, sem leiddi til þess að hann var frá veiðum stærstan hluta fiskveiðiársins. Þá voru einnig ákveðin vandkvæði við mönnun vinnslunnar. Lágur þorskígildistuðull á ýsu á fiskveiðiárinu (0,64) gerði það einnig að verkum að vinnslumagn þannig mælt er um 70 tonnum minna en það hefði t.d. verið fiskveiðiárin þar á undan.

Um áhrif samningsins á reksturinn og þar með byggðafestu í eygni segir í skilagögnum „Sem fyrr er sértæki byggðakvótinn frá Byggðastofnun ein

mikilvægasta stoðin undir rekstri fyrirtækisins. Án þessarar úthlutunar ásamt úthlutun úr almenna byggðakvótanum eru engar forsendur fyrir áframhaldandi rekstri.”

Varðandi helstu ágalla samningsins segir m.a. í skilagögnum: „Full þröngar skorður og of lítill kvóti, að ekki talað um eftir skerðingar!! Úthlutun kemur allt of seint inn í kvótaárið. Samsetning úthlutaðs afla mætti vera hentugri fyrir smábáta á línuveiðum. Of stuttur samningstími.“

Um samfélagsverkefni segir: „Styðjum Hríseyjarbúðina, skólann, björgunarsveitina og allar hátíðir og uppákomur í eyinni.“

Niðurstaða: Að teknu tilliti til skýringa samningsaðila á þeim frávikum sem tilgreind eru hér að framan er það niðurstaðan að samningsmarkmið hafi náðst á fiskveiðiárinu 2024/2025.

Grímsey

Tólf samningar eru í gildi og byggja á reglugerð nr. 1256/2024 um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda án vinnsluskyldu. Þeir voru gerðir við félögin AGS ehf., Stekkjarvík ehf., Sæbjörgu EA 184 ehf., Hafborg ehf., Heimsskautssport ehf., Markafl ehf., Sæfinn ehf., Stertu ehf., Guri ehf., GunNes ehf., Fiskmarkað Grímseyjar ehf. og Blíðfara ehf.



Í reglugerðinni er kveðið á um slægingarskyldu í Grímsey á því aflamarki sem úthlutað er til útgerða í eyinni. Í töflunni hér að neðan er yfirlit þar sem fram kemur úthlutun til hverrar útgerðar, heildarafli upp úr sjó, hversu miklu er landað í Grímsey og hversu mikið var slægt hjá Fiskmarkaði Grímseyjar (FG). Grænmerking á slægingu hjá FG merkir að slægt magn í Grímsey var jafnt og/eða meira en úthlutað aflamark. Gulmerkt þýðir minni háttar frávík sem

gerð er krafa um að unnið verði upp á nýju fiskveiðíári. Rauðmerk merkir veruleg frávik og í tilfelli Gura ehf. verður frekari úthlutun skilyrt samkomulagi um að frávikið verði unnið upp á seinni tveimur árum samningsins. Markafl varð gjaldþrota á árinu og skiptum í búinu lauk 25. okt. síðastliðinn og því verður ekki um frekari úthlutun að ræða til félagsins. AGS ehf. slægði megin hluta afla síns í eigin aðstöðu í eygni og er því grænmerkt þó slæging á FG hafi verið minni en úthlutað aflamark. Sæfinnur ehf. og Sterta ehf. óskuðu eftir að úthlutun ársins yrði færð á yfir á núverandi fiskveiðíár þar sem úthlutun barst seint og erfiðleikum háð fyrir útgerðina að nýta heimildirnar þar sem strandveiðitímabilið var að hefjast.

	Markafl ehf.	AGS	Hafborg	Heimskautssport	Sæbjörg EA184 ehf.	Stekkjarkvík ehf.
Úthlutun í þíggkg.	6,1% 16.845	24,3% 67.681	12,0% 33.269	14,9% 41.462	11,9% 33.110	9,0% 25.115
	Slægt hjá Fiskmarkaði Grímseyjar ehf.	Slægja sjálfir allt í Grímsey nema ýsu sem er slægð um borð	Slægt um borð		Slægt hjá Fiskmarkaði Grímseyjar ehf.	Slægt hjá Fiskmarkaði Grímseyjar ehf.
Heildarafl upp úr sjó	10.801	341.271	1.655.603	145.735	178.671	57.659
þar af landað í Grímsey	10.182	341.271	102.826	130.335	89.022	57.659
	94%	100%	6%	89%	50%	100%
Slægt hjá FM Grímseyjar	6.400 Gjaldþrot	36.504	86.706	39.679	73.431	24.329
				-1.783 -4,3%		-786 -3,1%
	Elley EA 250 2657	Þorleifur EA 88 2718	Hafborg EA 152 2940	Björn EA-220 3010	Sæbjörg EA 184 2047	Sigrún EA-52 6919
		Konráð EA90 2326				
	Sæfinnur ehf.	Sterta ehf.	Guri ehf.	GunNes ehf.	FM Grímseyjar ehf.	Blíðfari ehf.
Úthlutun í þíggkg.	1,4% 4.018	5,8% 16.009	6,7% 18.557	1,4% 3.780	5,1% 14.151	1,6% 4.361
	Slægt hjá Fiskmarkaði Grímseyjar ehf.	Slægt hjá Fiskmarkaði Grímseyjar ehf.	Slægt hjá Fiskmarkaði Grímseyjar ehf.	Slægt hjá Fiskmarkaði Grímseyjar ehf.	Slægt hjá Fiskmarkaði Grímseyjar ehf.	Slægt hjá Fiskmarkaði Grímseyjar ehf.
Heildarafl upp úr sjó	18.558	36.578	19.969	22.315	53.786	29.570
þar af landað í Grímsey	18.558	36.578	19.969	17.201	39.010	29.570
	100%	100%	100%	77%	73%	100%
Slægt hjá FM Grímseyjar	2.823	12.145	9.633	4.243	22.054	9.688
			-8.924 -48,1%			
	Sæfinnur EA 58 7221	Sædis EA 54 6936	Óli Óla EA 37 1734	Sif EA 76 7098	Gísli EA221 6945	Tryggvi Sveins EA 49 7145
					Kvíkur EA 20 7126	

Niðurstaða: Samningsmarkmið náðust að mestu á fiskveiðíárinu 2024/2025.

Raufarhöfn

Samkomulag við GPG Seafood ehf. vegna Raufarhafnar fyrir fiskveiðiárin 2024/2025 – 2029/2030 var undirritað 10. október 2024.



Vinnsludagar á fiskveiðiárinu voru 235 og heildarfjöldi ársverka sem tengist starfsemi félagsins á Raufarhöfn 46, 27 við vinnslu, 15 við veiðar, en skip félagsins afla hráefnis fyrir báðar vinnslur félagsins, á Raufarhöfn og Húsavík og 4 við stjórnun. Í umsókn sem liggur að baki samningi er gert ráð fyrir um 58 störfum. Frávik í starfafjölda skýrist af því að í umsókn var heildarstarfafjöldi í útgerð félagsins tilgreindur en hér er hann skilgreindur í hlutfalli við vinnslumagn á Raufarhöfn af heildaraflamagni útgerðarinnar í þeim fisktegundum sem þar eru unnar. Það gefur rúm 15 störf á sjó en ekki 28 eins og tilgreint var í umsókn. Þá eru tvö af fjórum skilgreindum störfum við stjórnun einnig vegna beggja vinnsla félagsins. Að teknu tilliti til þessara leiðréttinga á starfafjölda að vera 43 skv. umsókn en ekki 58.

Samkvæmt skilagöngum samningsaðila var unnið var úr 1.511 tonnum auk frystingar á 180 tonnum af þorskhrögnum, 159 tonnum af þorskbeinum og 21 tonni af gellum. Samkvæmt gögnum Fiskistofu voru unnið úr 1.257 þorskígildistönnum á fiskveiðiárinu sem eru 1.406 tonn af slægðum fiski. Vinnsluskuldbinding í samningi er 1.392 tonn og náðist hún með þorskhrögn- og beinavinnslu.

Um áhrif samningsins á starfsemina og horfur fram undan segir m.a. í skilagögnum: „Aðstæður til fiskvinnslu á Raufarhöfn verða sífellt erfiðari með hverju ári, t.d. vegna sífellt hækkandi flutningskostnaðar á hráefni og afurðum um langan veg, einnig verður erfiðara með hverju árinu að kaupa inn hráefni til vinnslunnar af fiskmörkuðum vegna hárra verða svo dæmi séu tekin. En vegna landfræðilegrar staðsetningar vinnslunnar er mjög erfitt að vinna ferskar afurðir í útflutning sökum fjarlægðar frá flugvelli og tíðra seinkana áætlanarbíla á vörum vegna óveður og ófærðar. Samningur við Byggðastofnun er algjört lykilatriði í að halda úti vinnslu á Raufarhöfn en með því móti er hægt að tengja

saman veiðar og vinnslu, og útilokað væri að halda úti sjálfbærri vinnslu á Raufarhöfn án aðkomu Byggðastofnunar. “

Um helstu ágalla samningsins segir í skilagögnum samningsaðila: „Ágallar samnings teljum við að einungis sé verið að horfa til þorskígilda en til að halda uppi starfsmannafjölda hefur félagið reynt að bæta við nýjum störfum sem telja þó ekki til framlags þar sem það er ekki mælt í þorskígildum. Teljum það ágalla samnings að framlag Byggðastofnunar hafi haldist óbreytt milli ára þrátt fyrir almennar kvótaskerðingar sem hefur gert félaginu enn þá erfiðara um vik að sækja sama magn hráefnist milli ára, eðlilegast mætti telja að Byggðastofnun myndi leggja til aukna styrki í einhverskonar formi þ.e. hvort sem það væri í auknum byggðakvóta eða beinum rekstrarstyrkjum. Teljum mikið áhyggjuefni hversu miklar skerðingar hafa orðið á úthlutuð magni afsértækum byggðakvóti frá undirritun samnings árið 2024. Eins og áður segir þá er þessi úthlutun ein af megiforsendum þess að hægt sé að halda úti starfsemi félagsins á Raufarhöfn í núverandi mynd.“

Samfélagsverkefni: „GPG Seafood ehf reynir ávallt að taka þátt í þeim verkefnum sem eru í gangi hverju sinni, m.a. í beinum styrk vegna hrútaðaga sem eru haldnir hátíðlegir á hverju ári. Einnig var GPG Seafood ehf einn af helstu styrktaraðilum viðburðarins "Raufarhöfn rokkar" þar sem Skálmöld hélt tónleika í Heimskautagerðinu á Raufarhöfn (September 2024).“

Niðurstaða: Að teknu tilliti til leiðréttinga sem gerðar hafa verið varðandi starfafjölda og aðra vinnslu er það niðurstaðan að samningsmarkmiðum hafi verið náð á fiskveiðiárinu 2024/2025.

Bakkafjörður

Samkomulag við Bjargið ehf. og útgerðir á Bakkafirði fyrir fiskveiðiárin 2024/2025 – 2029/2030 var undirritað 8. október 2024.

Vinnsludagar á fiskveiðiárinu voru 245 og heildarfjöldi ársverka 22, 11 við vinnslu, 1 skilgreint við stjórnun og 10 á sjó. Gert var ráð fyrir 19 störfum í samningi og samningsmarkmiði um starfafjölda því náð.

Samkvæmt skilagöngum samningsaðila voru unnin 554 tonn auk 93 tonna af grásleppu þar sem hrogn voru unnin og búkur frystur af 10 bátum. Samkvæmt gögnum Fiskistofu var unnið úr 534 þorskígildistonnnum á fiskveiðiárinu sem jafngilda 593 tonnum af slægðum fiski. Vinnsluskuldbinding í samningi er 557 tonn og náðist hún með grásleppuvinnslunni.

Um áhrif samningsins á starfsemi félagsins á Bakkafirði segir m.a. í skilagögnum: „Samningurinn um sértækan kvóta frá Byggðastofnun er grundvallar forsenda þess að rekin sé fiskvinnsla á Bakkafirði. Hann ásamt almennum byggðakvóta þýðir að um 660 tonn af þorski upp úr sjó voru unnin hjá Bjarginu ehf á fiskveiðiárinu með tilheyrandi verðmætasköpun í byggðarlaginu, hafnargjöld, útsvarstekjur og afleidd umsvif. Ef ekki kæmu til umsvif vegna kvótans og fiskvinnslunnar þá hefði ekki orðið fjölgun útsvarsgreiðanda og fjölgun báta sem gerðir eru út frá staðnum. ... Viðhald og endurbygging fasteigna hefur tekið kipp og fjölgun og endurnýjun í bátaflota. Tækjakostur eflur. Aukin bjartsýni á framtíð staðarins sýnileg. Það eru þó blikur á lofti sem við Bakkfirðingar höfum verulegar áhyggjur af og það er hugsanleg skerðing eða afnám almenns byggðakvóta sem myndi þýða að algjör forsendubrestur yrði hvað varðar fiskvinnslu á staðnum. Því mætti að sjálfsögðu mæta með verulegum auknum stuðningi sértækra aðgerða og vonandi verður skilningur stjórnvalda á því niðurstaðan.“

Varðandi helstu ágalla á samningi segir í skilagögnum:“Helstu ágallar samningsins eru þeir að magnið sem er til úthlutunar er of lítið. Samningur sem gerður var upp á upp á 300 þorskígildistonn hefur ekki staðist hvorki í ár né á seinasta fiskveiðiári og er í dag 253,8 þíg. tonn sem er 15,4 % lægra en til stóð. Aðstandendur Bjargsins eru þó fullir þakklætis fyrir það traust sem þeim er sýnt af hálfru Byggðastofnunar að vera falið að höndla með þann styrk sem í samningnum felst. Við gerum okkur alveg grein fyrir þeim samdrætti sem orðið hefur í úthlutun kvóta til sértækra aðgerða en það hefði mátt huga að því að hafa ekki "flatan" niðurskurð en þess í stað skoða nánar atvinnuástand og kvótastyrk í þeim byggðarlögum sem njóta samninga..“

Samfélagsverkefni: Studdi við sjómannadagshátíðina „Grásleppuna“, stofutónleikana á Bjarmalandi, björgunarsveitina og sögusýninguna

„Gunnólfsvíkurfjallið er svo blátt“. Þá stendur hugur til að bora eftir heitu vatni og undirbúningsvinna að því hafin.

Niðurstaða: Samningsmarkmið náðust á fiskveiðiárinu 2024/2025.

Borgarfjörður eystri

Samkomulag við Fiskverkun Kalla Sveins ehf., Sporðs ehf. og útgerða á Borgarfirði eystri og Breiðdalsvík fyrir fiskveiðiárin 2024/2025 – 2029/2030 var undirritað 6. nóvember 2024. Byggðarlagið og þar með samningsaðilar á staðnum eru að koma nýir inn í verkefnið.

Vinnsludagar á fiskveiðiárinu voru 244 hjá Fiskverkun Kalla Sveins ehf. og 227 hjá Sporði ehf. og heildarfjöldi ársverka hjá báðum aðilum 19,5 sem skiptust þannig að tæplega 8 voru við vinnslu, rúm 4 við beitingu, 6,5 á sjó og 1 við stjórnun. Stefnt er að allt að 24 störfum í samningi og því ljóst að það markmið náðist ekki að fullu.

Samkvæmt gögnum Fiskistofu voru einungis unnin 59 þorsígildistonn hjá samningsaðilum á fiskveiðiárinu sem gera 88 tonn í slægðum fiski. Vinnsluskuldbinding í samningi er 278 tonn og því ljóst að hún náðist ekki. Ástæða þess er að ekki tókst að ganga frá kaupum á búnaði í vinnsluna fyrr en á síðustu dögum fiskveiðiársins. Af þessum ástæðum var einungis úthlutað 55 þorsígildistönnum til samningsaðila á fiskveiðiárinu en heimilað að flytja ónýtt aflamark til næsta fiskveiðiárs.

Það að samningsaðilum hafi tekist að halda uppi atvinnustiginu þrátt fyrir mjög litla vinnslu skv. gögnum Fiskistofu liggur í því að þeir sáu um þjónustu vegna fiskmarkaðar, slægingu og ísun í kör sem ekki er skilgreint sem vinnsla. Einnig var unnin harðfiskur sem útheimtir mikið vinnuframlag á hvert framleitt kg.

Niðurstaða: Samningsmarkmið náðust ekki á fiskveiðiárinu 2024/2025 og ekki verður úthlutað frekara aflamarki til samningsaðila nema fyrir liggi trúverðug áform og samningur um útfærslu á vinnslu í samræmi við gildandi samkomulag um byggðafestu á Borgarfirði eystri.

Breiðdalsvík

Samkomulag um aukna byggðafestu á Breiðdalsvík við Gullrúnu ehf. og Goðaborg ehf. vegna fiskveiðiaranna 2024/2025 – 2029/2030 var undirritað 30. september 2024.

Vinnsludagar á fiskveiðiarinu voru 207 og heildarfjöldi ársverka hjá samningsaðilum 29, 15 við vinnslu, 2 við beitningu, 7 við veiðar og 5 við stjórnun. Í samningi er gert ráð fyrir 24-32 störfum og því ljóst að þau markmið hafa náðst á fiskveiðiarinu.

Samkvæmt skilagögnum var unnið úr 920 tonnum og til viðbótar var slægður afli til sölu á fiskmarkaði eða í verktöku fyrir aðra vinnsluaðila upp á 95 tonn. Samkvæmt gögnum Fiskistofu voru unnin 563 þorskígildistonn sem jafngildir 671 tonnum af slægðum fiski. Vinnsluskuldbinding í samningi er 742 tonn og því ljóst að samningsmarkmið náðust ekki á fiskveiðiarinu. Vöntun á vinnslumagni hjá Goðaborg ehf. í þorskígildum er að mestu tilkominn vegna lágs stuðuls ýsu eins og fram hefur komið og einnig að talsvert var unnið af steinbít (0,47) en vegna sífellt erfiðari aðstæðna við að komast yfir aflaheimildir í þorski eru samningsaðilar okkar að leita í aðrar tegundir til að halda vinnslum sínum gangandi.

Um áhrif samningsins á starfsemi samningsaðila, byggðafestu á Breiðdalsvík og horfurnar fram undan segir í skilagögnum: „Eins og fram hefur komið í skýrslum árin hér á undan þá hefur samningur þessi skapað gríðarlegan viðsnúning á fjölda mælanlegra gilda á Breiðdalsvík á undanförunum árum, s.s. hækkun fasteignaverðs og eftirspurnar, fjölda barna í skóla og leikskóla, landaðan og unnin afla á Breiðdalsvík og margt fleira. Útgerðin Gullrún hefur náð að fjárfesta í varanlegum aflaheimildum og Goðaborg byggt upp þekkt vörumerki í harðfiskframleiðslu svo dæmi séu tekin. Þó hafa verið sveiflur í afkomu félagana og má það að mestu leiti rekja til utanaðkomandi þátta, launapróunar, aðgengis að aflaheimildum o.fl. Eins og fram kemur í skýrslum frá samningsaðilum hefur þessi samningur verið kjölfestan fyrir fjölda starfa á Breiðdalsvík undanfarin ár en af augljósum ástæðum, það er miklum skerðingum í aflamarki og óvissu í línuívilnun og almenna byggðakvóta hefur störfum fækkað undanfarið hjá samningsaðilum. Hvað varðar horfurnar til

næstu mánaða þá hefur staðan aldrei verið jafn óljós og svört og nú blasir við. Það að ekki skuli vera komnar fram ákvarðanir um hvernig almennum byggðakvóta og línuívilnun skuli háttað fyrir yfirstandandi fiskveiðiár er hreint með ólíkindum og gerir okkur sem að þessum samningi standa algjörlega ókleyft að skipuleggja veiðar og vinnslu næstu mánaða. Þessi óvissa hefur það í för með sér að allur annar rekstur, afleidd störf, fjárfestingar í búnaði og þessháttar er settur í uppnám. Nú þegar hefur aflamark í samningi þessum skerst verulega eða um rúmlega 60 þorskígildistonn og þar að auki er algjör óvissa með almennan byggðakvóta, sem hefur reyndar á stuttum tíma skerst úr rúmlega 100 tonnum niður í rúmlega 30 þorskígildistonn á Breiðdalsvík. Einnig er óvissan varðandi línuívilnun algjör. Í stuttu máli er staðan eins og hún blasir við í dag mjög svört og erfitt að átta sig á hvernig halda á áfram að skapa og viðhalda störfum og byggja upp við núverandi ástand, eða þá að standa við samninginn og halda uppi atvinnu við veiðar og vinnslu. Aðilar í þessum samningi hafa stöðugt verið að leita leiða til þess að byggja upp og fjárfesta í búnaði og aflaheimildum til þess að gera vinnslu og útgerð hagkvæmari og fjölga störfum. Það er skiljanlegt að það þurfi að skerða að ákveðnu leiti aflaheimildir til byggðafestuverkefna þegar heildaraflamark dregst saman eins og gerst hefur síðustu ár en það að taka í burtu eða skapa algjöra óvissu um byggðafestuverkefni sem hafa skilað gríðarlega miklum árangri og fjöldi fyrirtækja reiðir sig á, s.s. línuívilnun er hreint með ólíkindum.”

Um helstu ágalla samningsins segir í greinargerð: „Helstu ágallar þessa samnings eru nokkrir og raungerast helst í óvissunni sem er uppi núna. Forsendur fyrir veiðum og vinnslu þurfa að vera skýrar. Þar má nefna að magn á sértæku aflamarki frá ári til árs þarf að liggja fyrir en ekki vera breytilegt frá ári til árs nema að litlu leiti. Eins er nauðsynlegt að möguleikar séu fyrir hendi að bæta við aflamark þar sem þörf er á eða þar sem vel gengur og stuðla með þeim hætti að því að gera verkefnin sjálfbær. Eins þarf að festa í sessi þær forsendur sem samningar byggja á, til dæmis úthlutun á almennum byggðakvóta (sem best væri að væri hluti af sértæka aflamarkinu) og línuívilnun þar sem hún er klár forsenda fyrir því að hægt sé að gera út línubáta, skapa og viðhalda störfum við uppstokkun og beitningu og gera möguleikana á efndum samninga mögulega. Það eru nægar aðrar áskoranir í sjávarútvegi, sem taka þarf tillit til án þess að aðgerðir stjórnvalda skapi óvissu svo mánuðum skipti. Ef samningar eiga að vera með þeim hætti sem nú er og aðstæður eða forsendur

eiga áfram að vera síbreytilegar þurfa kvaðir eða þær skyldur sem samningsaðilar eiga að standa við einnig að vera breytilegar. Í því sambandi mætti nefna að forsendur fyrir starfaffjölda í landi við uppstokkun og beitningu eru augljóslega í beinu sambandi við línuívilnun. Forsendur fyrir störfum í fiskvinnslu eru í beinu sambandi við úthlutað aflamark og samdráttur í aflamarki getur gert forsendur fyrir rekstri fiskvinnslu ómögulegar. Ávinningurinn er stöðugleiki.”

Samfélagsverkefni: „Þegar talað er um bein samfélagsverkefni má nefna ýmiss konar styrki til íþróttaiðkunar, björgunarsveitar, uppbyggingu sparkvallar, rekstur á "félagsheimili" (Frystihússalurinn) og margt fleira. ... Rekstur á Kaupfélaginu á Breiðdalsvík sem er eina verslunin á 107 km kafla frá Djúpavogi til Fáskrúðsfjarðar væri til dæmis líklega ekki til staðar á heilsársgrundvelli ef samningurinn væri ekki til staðar eða ef útgerð og fiskvinnsla leggist af á Breiðdalsvík. Sama má segja um Brugghúsið Beljanda og Frystihússalinn og ýmsa aðra starfsemi. Það þarf ekki annað en að fara aftur til þess tíma áður en úthlutun aflamarks hófst og bera saman við stöðuna núna til þess að sjá hverju þessi samningur hefur skilað og á starfsfólk Byggðastofnunar lof skilið fyrir samstarfið hvað þetta varðar. “

Niðurstaða: Að teknu tilliti til þeirra skýringa sem fram koma hér að framan er það niðurstaðan að framkvæmd samningsins hafi verið með þeim hætti á fiskveiðiárinu 2024/2025 að ekki sé ástæða til að grípa til sérstakra þvingunarúrræða en krafa er gerð um að vinnslumagn verði unnið upp á gildistíma samningsins.

Djúpivogur

Samningur um aukna byggðafestu á Djúpavogi var undirritaður 8. apríl 2025 fyrir fiskveiðiárin 2024/2025 – 2026/2027. Hann var gerður við Eyfreyjunes ehf. og Ósnes ehf.

Vinnsludagar á fiskveiðiárinu voru 119 og heildarfjöldi ársverka hjá samningsaðilum 20, 10 við vinnslu, 2 við beitningu, 6 við veiðar og 2 við stjórnun. Markmið samningsins um starfafjölda voru 28 og náðust því ekki á fiskveiðiárinu.



Samkvæmt skilagögnum var samtals landað um 550 tonnum af bolfiski til vinnslu auk 8 tónna af síld. Samkvæmt gögnum Fiskistofu voru unnin 550 þorskígildistonn sem gera 550 tonn af slægðum fiski. Vinnsluskuldbinding í samningi er hins vegar 886 tonn og því ljóst að töluvert vantar upp á að samningsmarkmið í bolfiskvinnslu hafi náðst. Megin skýringar samningsaðila liggja í því að vegna markaðsaðstæðna sé erfitt að skipta á milli aflamarkskerfisins og krókaflamarkskerfisins ásamt því að framboð á aflamarki í þorski sé mjög takmarkað, en félagið vinnur nær eingöngu þorsk, eða með þeirra eigin orðum: ...“vegna markaðsaðstæðna í kvótakerfinu var erfitt að ná í aflaheimildir og að gera meira úr þeim með færslu á milli stóra og litla kerfisins þetta árið. Frjáls markaður með aflaheimildir hefur verið mjög erfiður og hefur þrengst mjög um möguleika á því að auka magn til vinnslu. Okkur þykir orðið ljóst að þetta markmið að rúmlega tvöfalda úthlutaðan byggðakvóta er orðið nær ómögulegt. Litlar sem engar aflheimildir eru í boði á leigumörkuðum og erfitt hefur reynst að skipta út tegundum hagstætt sem áður gekk ágætlega.”

Um áhrif samningsins á rekstur samningsaðila og byggðafestu á Djúpavogi segir í skilagögnum: „Byggðakvóti er lífæð sjávarútvegs á Djúpavogi. Hann er ekki aðeins tölur á pappír heldur traustur grunnur undir daglegum rekstri útgerða og fiskvinnslu í sveitarfélaginu. Á síðustu árum hafa heildarafplaheimildir hins vegar dregist saman og það þrengir að rekstrarforsendum. Byggðakvótinn er enn mjög mikilvægur í því að halda atvinnu og verðmætasköpun á svæðinu. Áhrif á rekstur og efnahag útgerða og fiskvinnslu: Byggðakvótinn er í raun undirstaða fyrir þessar útgerðir og vinnslu. Hann tryggir að Útgerðin hafi möguleika til að halda út bátum og haldi þannig uppi föstum rekstrarliðum eins

og launum, olíu og viðhaldi. Án þessa aflaheimilda væru þessar útgerðir ekki til staðar og því síður þessi fiskvinnslustörf. Minni aflaheimildir skerða möguleika til langtímasamninga við kaupendur og minnka þannig verðmætasköpun í bæjarfélaginu. ... Byggðakvótinn er ekki aðeins tímabundin aðstoð; hann er nauðsynlegur til að viðhalda stöðu sjávarútvegsins á Djúpavogi. Án hans minnkar veiðimagn, störf tapast og tekjur sveitarsjóðs dragast saman. Í ljósi minnkandi aflaheimilda almennt er þessi úthlutun lykilþáttur í að tryggja áframhaldandi rekstrargrundvöll útgerðar og fiskvinnslu og þar með sjálfbæra byggð í sveitarfélaginu.”

Um helstu ágalla samnings segir í skilagögnum: „*Helsti ágalli samningsins er stuttur gildistími hans og óvissan um framhaldið. Þetta gerir bæði daglegan rekstur og langtíma uppbyggingu torveldari. Undanfarin ár hefur þó tekist vel að nýta þær aflaheimildir sem úthlutað hafa verið á Djúpavog; á þeim grunni hefur byggst upp stöðug útgerð og fiskvinnsla. Því reynist sérstaklega erfitt að þurfa að draga saman seglin nú þegar aflaheimildir hafa verið skornar niður, eins og raunin er orðin. Með lengri samningi næðist hins vegar meiri festa og fyrirsjáanleiki, sem myndi gera útgerð og vinnslu kleift að skipuleggja starfsemi sína til lengri tíma og nýta tækifæri enn betur.*“

Um samfélagsstuðning segir í skilagögnum: „*Ósnes og Eyfeyjunes hafa styrkt ýmis samfélagsverkefni á svæðinu og lagt sitt af mörkum til að viðhalda góðu samfélagi á Djúpavogi. Dæmi um samfélagsverkefni eru Hammondhátíð, ungmennafélagið Neisti, björgunarveitin Bára, Kvenfélagið Vaka, ásamt fleiri smærri atburðum.*“

Niðurstaða: Þó samningsmarkmið um vinnslu hafi ekki náðst á fiskveiðiárinu var allt aflamark stofnunarinnar nýtt í vinnslu og þá var fjöldi þeirra ársverka sem samningur gerði ráð fyrir að mestu viðhaldið. Niðurstaðan er að úthluta aðeins 50% af heimiluðu aflamarki á fiskveiðiárinu 2025/2026 þar til fyrir liggja trúverðug áform og samningur um það hvernig umsömdu vinnslumagni á samningstímanum verði náð.

Samantekt

Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir samningana og helstu tölulegu gögn sem í þeim eru ásamt talnagögnum úr skilagreinum samningsaðila um framkvæmdina á fiskveiðiárinu. Frekari upplýsingar um framkvæmd samninganna og eftirfylgni er að finna í viðauka 2.

Samningsaðili - vinnsluaðili	Vinnslu- dagar	Starfajöldi		Úthlutun		Vinnslumagn		Hlutfall Samn./úthlut.	Önnur v. í tonnum
		Samn.	Skilagr.	Þig.tonn	Slægð tonn	Þig.tonn	Slægð tonn		
Oddi hf.	224	58	57	371,146	461,238	3.005,025	3.352,310	3,50	813
Íslenskt sjávarfang ehf.	260	25	37	463,933	576,547	1.795,656	2.063,848	3,00	87
Vestfiskur Flateyri ehf.	246	14	14	371,146	461,238	0,000	0,000	0,00	575
Fiskvinnslan Íslandssaga ehf.	230	50,5	57	463,933	576,547	2.636,875	3.214,232	5,00	0
Fiskvinnslan Drangur ehf.	226	25	25	278,360	345,928	359,308	491,586	1,17	18
Vilji fiskverkun ehf.	229	28	30	463,933	576,547	704,983	1.061,164	1,50	30
Hrísey Seafood ehf.	216	14	14	324,753	403,583	707,043	774,642	2,86	0
GPG Seafood ehf.	235	58	46	463,933	576,547	1.257,411	1.406,106	3,00	361
Bjargið ehf.	245	19	22	278,360	345,928	533,981	592,607	2,00	0
Fiskverkun Kalla Sveins ehf.	244	15	15	25,000	31,069	30,255	45,147	1,50	849
Kári Borgar ehf.	227	9,5	9	30,000	37,282	29,119	42,395	1,50	2,3
Goðaborg ehf.	207	33	29	371,146	461,238	563,518	670,802	2,00	95
Ósnes ehf.	119	28	20	324,753	403,583	549,524	549,890	2,73	42,7
Samtals		344	375	4.360,966	5.419,546	12.170,663	14.264,729		2.873,000

Sé litið á heildartölur sést að á móti þeim 4.360 þorskígildistonn sem stofnunin afhenti þeim á fiskveiðiárinu vinna samningsaðilar ríflega 12.170 þorskígildistonn eða nærri 14.265 tonn í slægðum fiski. Þannig leggja samningsaðilar í heild fram rúmlega 2,6 tonn á móti hverju tonni sem þeir fá miðað við slægðan fisk. Þetta er hins vegar afar misjafnt á milli samninga/byggðarlaga, allt frá ríflega sjöföldun og niður í um 15%. Endurspeglar það m.a. mismunandi stöðu fyrirtækjanna/byggðarlaganna hvað varðar almennar aflaheimildir og úthlutun úr öðrum pottum 5,3% kerfisins.

Hvað varðar það megin markmið verkefnisins að halda úti stöðugri heilsárs atvinnu má segja að það hafi tekist í nánast öllum tilfellum. Með því að draga helgardaga frá, gera ráð fyrir 6 vikna orlofi og þeim 12 rauðu dögum sem voru á fiskveiðiárinu standa eftir 219 dagar. Samkvæmt skilagögnum samningsaðila ná allar vinnslurnar, að þremur undanskildum þeim vinnsludagafjölda. Í tveimur tilfellum vantar ekki mikið upp og í því þriðja vann starfsfólk við laxaslátrun og pökkun.

Heildar fjöldi ársverka hjá samningsaðilum og samstarfsaðilum þeirra er samkvæmt skilagögnum 375 sem er nokkuð yfir þeim heildarfjölda sem ráð er

fyrir gert í samningum. Staðan á milli aðila er þó nokkuð misjöfn en í þeim tilfellum sem umsömdum starfsmannafjölda hefur ekki verið náð má rekja ástæður til minnkandi aflaheimilda almennt frá því að samningar voru gerðir en einnig hefur aukin tæknivæðing í einhverjum tilfellum haft sömu afleiðingar.

Þegar litið er á heildarvinnslumagnið sést að það er rúmlega 1.550 þorskígildistonnnum eða 14,6% meira en gert er ráð fyrir í samningunum. Vissulega er þessi staða misjöfn milli byggðarlaga eins og rakið hefur verið í umfjöllun um einstaka samninga. Á mörgum stöðum hafa aðilar bætt við annarri vinnslu til að halda uppi atvinnustigi. Hefur það bæði verið gert með slægingu í verktöku fyrir aðra aðila, áframvinnslu, s.s. harðfiskframleiðslu, vinnslu aukaafurða og laxavinnslu þar sem þess hefur verið kostur.

Einhver umræða hefur skapast vegna gerðar og framkvæmdar svokallaðra vistunarsamninga, sem handhöfum byggðafestusamninganna er heimilt að gera, bæði til að skipta á tegundum en einnig til að hámarka það magn sem úthlutun aflamarks stofnunarinnar gerir þeim kleift að veiða og vinna. Þörfin fyrir tegundaskiptin helgast af því að samkvæmt lögunum er aflamarki stofnunarinnar úthlutað í sjö tegundum (þorskur, ýsa, ufsi, steinbítur, gullkarfi, keila, langa). Fæstar þessara smærri vinnslu- og útgerðaraðila hafa tök á því að nýta allar þessar tegundir og reyna því eftir því sem unnt er að láta frá sér þær sem ekki henta þeirra veiðum og vinnslu í skiptum fyrir þær sem það gera. Þannig næst að hámarka nýtingu þess aflamarks sem stofnunin úthlutar á grundvelli samninganna. Þá hafa samningsaðilar nýtt sér verðmun sem verið hefur á leigu aflamarks á milli almenna aflamarkskerfisins og krókaflamarkskerfisins („stóra“ og „litla“ kerfið) til að auka aflamarkið. Er þá aflamarki úthlutað á skip í „stóra“ kerfinu, það leigt út og þeir fjármunir nýttir til leigu á aflamarki í „litla“ kerfinu. Vegna takmarkana á framsali aflamarks til einstakra skipa, sem nemur að hámarki 50% af úthlutuðu aflamarki, og veiðiskyldu sem er að lágmarki 50% er vandkvæðum bundið að færa úthlutun beint á minni skip og báta. Vistun á stærri skipum og skipum kvótameiri útgerða auðveldar þessi tegundaskipti til muna þar sem ofangreindar takmarkanir eiga einungis við um (frum-) úthlutun en ekki um færslur á milli skipa eftir það.

Vegna hugmynda sem m.a. hafa komið fram innan stjórnar stofnunarinnar hefur nokkur vinna verið lögð í það, m.a. með samtölum við starfsmenn

Fiskistofu, að skoða með hvaða hætti unnt sé að rekja að heimildir sem úthlutað er á skip skv. vistunarsamningi, sem ekki er aðili að byggðafestusamningi, skili sér í veiðar og vinnslu viðkomandi byggðafestusamnings. Niðurstaða þeirrar vinnu er sú að ekki er unnt að rekja slíkt í gegnum færslur á milli skipa þar sem einstakar úthlutanir eru ekki upprunamerktar. Einungis er unnt að sjá hvers eðlis úthlutanir á skip eru en ekki hvar það aflamark sem flutt er frá eða til skips eftir það á uppruna sinn. Til að sannreyna hvort samningsaðilar standi við skuldbindingar sínar um magn í veiðum og vinnslu eru því fengnar keyrslur úr gagnagrunni Fiskistofu um vinnslu einstakra samningsaðila sem eru sundurliðaðar eftir útgerðum/skipum og fisktegundum. Í ljósi megin tilgangs verkefnisins, sem er heilsársatvinnusköpun við veiðar og vinnslu, verður heldur ekki annað séð en að það sé fyrst og fremst vinnslumagnið og veiðarnar sem standa undir atvinnusköpuninni sem skipta máli um efndir samninganna, en ekki rakning á einstökum aflamarksfærslum milli skipa.

Sauðárkróki 23. mars 2026

Pétur Friðjónsson, Reinhard Reynisson, Sigurður Árnason

Viðauki 1
Sundurlíðun vinnslumagns og úthlutun á skip

Oddi hf.			Íslenskt sjávarfang ehf.			Íslandssaga ehf.		
	Þorskið. tonn	Tonn í slægðu		Þorskið. tonn	Tonn í slægðu		Þorskið. tonn	Tonn í slægðu
Vinnslumarkmið	1.299,011		Vinnslumarkmið	1.391,798		Vinnslumarkmið	1.391,798	
Vinnsla skv. reglug.	3.005,025	3.352,310	Vinnsla skv. reglug.	1.795,858	2.063,848	Vinnsla skv. reglug.	2.635,875	3.214,232
Þorskur	2.500,388	2.500,388	Þorskur	1.293,874	1.293,874	Þorskur	1.811,109	1.811,109
langa	10,976	19,256	gullkarfi	0,014	0,023	gullkarfi	0,011	0,018
steinbitur	103,317	219,824	langa	0,002	0,004	hlýri	0,047	0,074
tindaskata	0,185	3,699	ufsi	201,014	300,022	keilla	0,017	0,059
ufsi	6,878	10,266	ýsa	300,752	469,925	langa	0,041	0,072
ýsa	383,281	598,877				skarkoli	0,044	0,048
						steinbitur	202,434	430,710
						ufsi	0,024	0,035
						ýsa	622,148	972,107
Önnur vinnsla		Tonn	Önnur vinnsla		Tonn	Önnur vinnsla		Tonn
Laxavinnsla		813,000	Áframvinnsla hráefnis frá Kópavog		87			
Úthlutanir skipaskr.nr.	371,148		Úthlutanir *	513,932		Úthlutanir	463,932	
Sknr. 2159	371,146	V.t.	Sknr. 2340	100,000		Sknr. 2904	463,932	V.ð.
			Sknr. 6946	7,000				
			Sknr. 7458	7,000				
			Sknr. 2433	369,932				
			Sknr. 2317	7,000				
			Sknr. 6242	7,000				
			Sknr. 6526	7,000				
			Sknr. 5978	7,000				
			Sknr. 1841	2,000				
			* þar af eru	50,000	frá t. ári			

Fiskvinnslan Drangur ehf.			Vilji fiskverkun ehf.			Hrisey Seafood ehf.		
	Þorskið. tonn	Tonn í slægðu		Þorskið. tonn	Tonn í slægðu		Þorskið. tonn	Tonn í slægðu
Vinnslumarkmið	324,753		Vinnslumarkmið	695,8988		Vinnslumarkmið	927,865	
Vinnsla skv. reglug.	359,308	491,588	Vinnsla skv. reglug.	704,983	1.061,164	Vinnsla skv. reglug.	707,043	774,842
Þorskur	261,954	261,954	Þorskur	71,786	71,786	Þorskur	588,935	588,935
grásleppa	67,815	183,282	lýsa	0,002	0,011	grásleppa	0,017	0,009
hlýri	0,01	0,016	ýsa	633,195	989,367	gullkarfi	1,621	2,658
skarkoli	0,057	0,063				hlýri	1,840	2,876
skrápflúra	0,064	0,321				langa	0,029	0,051
ýsa	29,408	45,95				lýsa	0,005	0,022
Önnur vinnsla		Tonn	Önnur vinnsla		Tonn	Önnur vinnsla		Tonn
Slægð grásleppa í verktöku		18	Grásleppa - slægling og söltun					
			hrogn í verktöku		73			
			Steinbitsroð í gæladyrafóður-sögun					
			og hreinsun í verktöku		2,5			
Úthlutanir	278,359		Úthlutanir	463,932		Úthlutanir	324,753	
Sknr. 2904	278,359	V.t.	Sknr. 2919	463,932	V.ð.	Sknr. 2800	324,753	

Viðauki 1
Sundurliðun vinnslumagns og úthlutun á skip

GPG Seafood ehf.			Bjargið ehf.			Fiskverkun Katla Sveins. ehf.		
	Þorskið. tonn	Tonn í slægðu		Þorskið. tonn	Tonn í slægðu		Þorskið. tonn	Tonn í slægðu
Vinnslumarkmið	1.391,798		Vinnslumarkmið	556,719		Vinnslumarkmið	180,934	
Vinnsla skv. reglug.	1.257,411	1.406,106	Vinnsla skv. reglug.	533,981	592,607	Vinnsla skv. reglug.	30,255	45,147
Þorskur	990,085	990,085	Þorskur	499,550	499,550	Þorskur	15,248	15,248
ufsi	23,974	35,783	grásleppa	34,431	93,057	gullkarfi	0,037	0,061
ýsa	243,352	380,238				hákarl	0,056	1,412
						hlýri	1,270	1,985
						keilla	1,593	5,495
						skarkoli	0,148	0,163
						skata	0,002	0,012
						steinbitur	3,851	8,193
						ufsi	0,019	0,029
						ýsa	8,031	12,549
Önnur vinnsla		Tonn	Önnur vinnsla			Önnur vinnsla		Tonn
Þorskhrogn		181				Slægt og ísað í kór		849
Þorskbelt		159						
Gellur		21						
Úthlutanir	463,932		Úthlutanir	278,359		Úthlutanir	25,000	
Sknr. 2991	463,932		Sknr. 1084	278,359	V.ö.	Sknr. 2656	15,000	
						Sknr. 1963	10,000	

Kári Borgar ehf.			Goðaborg ehf.			Ösnes ehf.		
	Þorskið. tonn	Tonn í slægðu		Þorskið. tonn	Tonn í slægðu		Þorskið. tonn	Tonn í slægðu
Vinnslumarkmið	97,426		Vinnslumarkmið	742,292		Vinnslumarkmið	886,111	
Vinnsla skv. reglug.	29,119	42,395	Vinnsla skv. reglug.	563,518	670,802	Vinnsla skv. reglug.	549,524	549,890
Þorskur	11,707	11,707	Þorskur	422,119	422,119	Þorskur	548,917	548,917
hlýri	0,269	0,421	gullkarfi	0,048	0,078	ýsa	0,591	0,924
steinbitur	6,158	13,102	hlýri	0,213	0,333	keilla	0,013	0,044
ýsa	10,985	17,165	keilla	0,576	1,985	gullkarfi	0,003	0,005
			langa	0,086	0,151	Önnur vinnsla		Tonn
			lýsa	0,323	1,466	Úthlutanir	324,753	
			sandkoli	0,42	0,122	Sknr. 0530	230,000	V.ö.
			skarkoli	12,98	14,263	Sknr. 2992	94,753	
			steinbitur	57,055	121,393			
			ufsi	0,174	0,26			
			ýsa	69,524	108,632			
Önnur vinnsla		Tonn	Önnur vinnsla		Tonn			
Allt unnið í harðfisk		2,5	Slægt og ísað í verktöku		95			
Úthlutanir	30,000		Úthlutanir *	471,148				
Sknr. 2780	30,000	V.ö.	Sknr. 2991	321,146	V.ö.			
			Sknr. 1575	150,000				
			Þar af eru	100,000	frá t. ári			

Vestfiskur Flateyri ehf.		
	Þorskið. tonn	Tonn í slægðu
Vinnslumarkmið	0,000	
Vinnsla skv. reglug.	0,000	0,000
Önnur vinnsla		Tonn
Þorskröð, hryggir, lambahom		575
Steinbitur - flökun í verktöku		370
Úthlutanir	371,148	
Sknr. 2919	371,146	V.ö.

Viðauki 2
Samantekt framkvæmdar samninga

Samningsaðili - vinnsluaðili	Vinnslu- dagar	Starfaldídi		Úthlutun		Samningar		Vinnslumagn		Hlutfall		Hlutfall vinnsla/úthlut.		Hlutfall vinnsla/samm.	
		Samm.	Skilagr.	Þig. tonn	Slæð tonn	Þig. tonn	Slæð tonn	Þig. tonn	Slæð tonn	samm. úthlut.	Þig. tonn	Slæð tonn	Þig. tonn	Slæð tonn	
Oddi hf.	224	58	57	371,146	461,238	1,299,011	1,614,333	3,005,025	3,352,310	3,50	8,10	7,27	2,31	2,08	
Íslenskt sjávarfang ehf.	260	25	37	463,933	576,547	1,391,798	1,729,642	1,795,656	2,063,848	3,00	3,87	3,58	1,29	1,19	
Vestfiskur Flateyri ehf. 1)	246	14	14	371,146	461,238	0,000	0,000	0,000	0,000	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	
Fiskvinnslan Íslandssaga ehf.	230	50,5	57	463,933	576,547	2,319,663	2,882,737	2,636,875	3,214,232	5,00	5,68	5,57	1,14	1,11	
Fiskvinnslan Drangur ehf.	226	25	25	278,360	345,928	324,753	403,583	359,308	491,586	1,17	1,29	1,42	1,11	1,22	
Vilji fiskverkun ehf.	229	28	30	463,933	576,547	695,899	864,821	704,983	1,061,164	1,50	1,52	1,84	1,01	1,23	
Hrísey Seafood ehf.	216	14	14	324,753	403,583	927,865	1,153,095	707,043	774,642	2,86	2,18	1,92	0,76	0,67	
GPG Seafood ehf.	235	58	46	463,933	576,547	1,391,798	1,729,642	1,257,411	1,406,106	3,00	2,71	2,44	0,90	0,81	
Bljargl ehf.	245	19	22	278,360	345,928	556,719	691,857	533,981	592,607	2,00	1,92	1,71	0,96	0,86	
Fiskverkun Kalla Sveins ehf. 2)	244	15	15	25,000	31,069	37,500	46,603	30,255	45,147	1,50	1,21	1,45	0,81	0,97	
Kári Borgar ehf. 3)	227	9,5	9	30,000	37,282	45,000	55,923	29,119	42,395	1,50	0,97	1,14	0,65	0,76	
Goðaborg ehf.	207	33	29	371,146	461,238	742,292	922,476	563,518	670,802	2,00	1,52	1,45	0,76	0,73	
Ósnes ehf.	119	28	20	324,753	403,583	886,111	1,101,206	549,524	549,890	2,73	1,69	1,36	0,62	0,50	
Samtals		344	375	4.360,966	5.419,546	10.814,267	13.195,919	12.170,663	14.264,729						

Helisarsvinnsla 365-52-52-30-12-219

- 1) Um er að ræða síðasta ár af eldri samningi þar sem samlið var um uppbyggingu annarrar atvinnustarfsemi en hefðbundinna veiða og vinnslu, sja undir önnur vinnsla
- 2) Fyrsta ár samnings, einungis úthlutað 25.000 þígt.
- 3) Fyrsta ár samnings, einungis úthlutað 30.000 þígt.

Oddi hf.	Íslenskt sjávarfang ehf.	Vestfiskur Flateyri ehf. 1)	Fiskvinnslan Íslandssaga ehf.	Fiskvinnslan Drangur ehf.	Vilji fiskverkun ehf.	Hrísey Seafood ehf.	GPG Seafood ehf.	Bljargl ehf.	Fiskverkun Kalla Sveins ehf. 2)	Kári Borgar ehf. 3)	Goðaborg ehf.	Ósnes ehf.	Samtals	Önnur vinnsla		Athugasemdir/viðbrögð vegna framkvæmdar samninga	
														í tonnum	Skýringar		
														813	Lax - flökun	Samningsmarkmið uppfyllt	
														87	Hraefni úr Kópavogi	Samningsmarkmið uppfyllt	
														575	Porskröð, hryggir og lambahorn + 370 t flakaður steinbítur í verkstöku	Samningsmarkmið uppfyllt	
														0		Samningsmarkmið uppfyllt	
														18	Slæð Grásleppa í verkstöku	Samningsmarkmið uppfyllt	
														30	Grásleppa, slæging söltun, steinbítsróð sagað í gæludýrafóður	Samningsmarkmið uppfyllt	
														0		Samningsmarkmið uppfyllt	
														361	Porskhrogn, bein og gellur	Vinna skal upp vinnslumagn á eftirstöðvartíma samnings	
														0		Minni háttar frávik - vinna upp vinnslumagn á eftirstöðvartíma samnings	
														849	Slægt og ísað í kór	Minni háttar frávik - vinna upp vinnslumagn á eftirstöðvartíma samnings	
														2,3	Harðfiskframleiðsla + pökun á hundanammi	Fyrsta ár samnings, umlið er að því að koma upp vinnslu og ekki verður úthlutað frekar fyrir en endir eru tryggðar á eftirstöðvartíma samnings	
														95	Slægt í verkstöku	Vinna skal upp vinnslumagn á eftirstöðvartíma samnings	
														42,7	Slið 8.106 þígtkg. / 0,19 = 42.663 kg.	Endurskoðun samnings v/breyttra forsendna	
														2.873,000			